

8. *Eiðahreppur:*

51

31. maí

Hjartarstaðavegur frá Úthéraðsvegi um brú á Gilsá að Hjartarstöðum.
Grafarvegur frá Úthéraðsvegi að Gröf.

9. *Vallahreppur:*

Höfðavegur frá Þjóðvegi að Höfða.
Arnkelsgerðisvegur frá Þjóðvegi að Arnkelsgerði.
Vikingsstaðavegur frá Þjóðvegi á Vallaneshálsi að Vikingsstöðum.
Freyshólavegur frá Þjóðvegi að Freyshólum

10. *Skriðdalshreppur:*

Geirólfsstaðavegur frá Þjóðvegi að Geirólfsstöðum.
Arnhólsstaðavegur frá Þjóðvegi að Arnhólsstöðum.

Til nýlagningar og viðhalds sýsluvega í II. flokki komi framlag frá einstaklingum eða sveitarfélögum að jöfnu móti framlagi úr sýsluvegasjóði.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Suður-Múlasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 31. maí 1958.

Hermann Jónasson.

Brynj. Ingólfsson.

S A M Þ Y K K T

52

31. maí

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 4 14. jan. 1949, sbr. samþykkt nr. 11 27. jan. 1954, um breytingu á þeirri samþykkt.

1. gr.

Við 2. gr. samþykktarinnar bætist, á eftir 30. tl. í upptalningu vega:

31. *Tungukotsvegur:* Af Þjóðveginum hjá Hlíð um brúarstæði á Guðdalsá að Tungukoti.

32. *Neðri-Fitjavegur:* Af Þjóðveginum gegnt Neðri Fitjum um brúarstæði á Fitjaá að Neðri-Fitjum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 31. maí 1958.

Hermann Jónasson.

Brynj. Ingólfsson.